

Skapandi lokaverkefni 2016



Höfundar:

Bryndís María Olsen
Jóhanna Ómarsdóttir
Karen Óskarsdóttir
María Rós Valgeirsdóttir
Steinunn Elísabet Benedikstdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Best day of my life – miðstig

Viðfangsefni / Námsgreinar	Námsefni / Námsgögn	Hæfniviðmið	Afurð / Námsmat	Tengsl við grunnþætti og lykilhæfni
<p>Kennsluáætlun ásamt útskýringum á verklegum þáttum. Samþættar eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Enska ○ Tónmennt ○ Dans 	<ul style="list-style-type: none"> ○ https://www.youtube.com/watch?v=0fTUj9mfnUk ○ Hljóðfæri í skólastofu: trommur, hristur, stafspil, klukkuspil, gítar, píanó o.fl. ef tiltækt er. 	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Tjáð sig í dansi, tengt saman hreyfingu, túlkun og tónlist og beitt kurteisvenjum í dansi. ○ Beitt líkama sínum markvisst í dansi og hreyfingu sjálfum sér til ánægju. ○ Greint og valið hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun. ○ Tekið þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti. ○ Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum á ensku og fjallað um efni þeirra. ○ Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu. <p>(Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 101-228)</p>	<ul style="list-style-type: none"> ○ Nemendur vinna saman í hópum ○ Nemendur læra að spila auðvelt lag á hljóðfæri ○ Nemendur útsetja verk sín sjálfir ○ Nemendur flytja verk sín fyrir samnemendur og kennara ○ Virknimat ○ Jafningjamat ○ Sjálfsmat 	<p>Grunnþættir</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Læsi ○ Sköpun <p>Lykilhæfni</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Tjáning og miðlun ○ Skapandi og gagnrýnin hugsun ○ Sjálfstæði og samvinna ○ Ábyrgð og mat á eigin námi <p>(Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 87-95)</p>

Nánari útlistun á kennsluáætluninni „*Best day of my life*“.

Þetta samþætta verkefni hentar vel til samstarfs tónmenntakennara, danskennara og enskukennara.

Markmið verkefnisins er nemendur læri auðveldan hljómagang, æfi sig í að rýna í og þýða enska texta og að útsetja einfalt lag.

Sköpunarþáttur verkefnisins er að nemendur fá lausan tauminn í útsetningu lagsins.

1. kennslustund

Kveikjan að verkefninu er sú að lagið er spilað fyrir nemendur í gegnum skjávarpa.

Tengill á lagið: <https://www.youtube.com/watch?v=0fTUj9mfnUk>

Nemendur hlusta á lagið og byrja að pæla í því hvað er að gerast í myndbandinu og laginu. Eftir að búið er að hlusta á lagið einu sinni er textanum við lagið varpað upp á töflu (sjá fylgiskjal 1). Kennari rýnir í textann með nemendum. Ef einhver erfið orð koma fyrir er kjörið að þýða þau og spá vel saman í því hvað kemur fram í textanum og um hvað hann fjallar. Síðan fara nemendurnir í það að læra lagið með hermikennslu, þar sem kennari syngur 2-3 línur í einu og nemendur herma eftir. Gott er að hafa í huga að betra er að renna sem oftast í gegnum lagið, bæði talandi og syngjandi til þess að það stimplist vel inn hjá nemendum, því þá verður öll áframhaldandi vinna auðveldari.

2. kennslustund

Í byrjun tímans er lagið *Best day of my life* sungið með nemendum til að rifja upp vinnu síðasta tíma. Því næst er nemendum skipt upp í 4-5 manna hópa og þeim kenndur tíglaðansinn (sjá fylgiskjal 2). Nemendur dansa dansinn 2-3 sinnum í gegn. Gaman að prófa að láta dansstjórnandann fá hristu og sjá hversu mikið það breyti andrúmsloftinu í kennslustofunni. Eftir að nemendur hafa dansað dansinn allnokkrum sinnum halda þeir sömu hópum og setjast niður með eitt stafspil á hóp fyrir framan sig. Kennari kennir nemendum hvernig má spila lagið á stafspil með hermikennslu. Lagið er mjög auðvelt og inniheldur einungis tvo hljóma: C og F.

Nemendur byrja að æfa sig að spila lagið með aðstoð frá kennurum sem koma að verkefninu.

3. kennslustund

Nemendur halda áfram að vinna við að útsetja *Best day of my life* í hópunum sínum. Nú fá þeir frjálsar hendur við útsetninguna og mega bæta við fleiri hljóðfærum ef þeir vilja. Nemendur mega nýta sér öll þau hljóðfæri sem til eru í kennslustofunni. Í lok tímans flytja hóparnir verk sín fyrir samnemendur sína og kennara.

Fylgiskjal 1:

Best Day Of My Life

C
I had a dream so big and loud
C
I jumped so high I touched the clouds
F
Wo-o-o-o-o-oh [x2]
C
I stretched my hands out to the sky
C
We danced with monsters through the night
F
Wo-o-o-o-o-oh [x2]

I'm never gonna look back
Whoa, I'm never gonna give it up
No, please don't wake me now
(2, 3, 4)*

C
Oo-o-o-o-o-oo

C F
This is gonna be the best day of my life
F
My li-i-i-ife
C
Oo-o-o-o-o-oo

C F
This is gonna be the best day of my life
F
My li-i-i-ife

C
I howled at the moon with friends
C
And then the sun came crashing in
F
Wo-o-o-o-o-oh [x2]
C
But all the possibilities
C
No limits just epiphanies
F
Wo-o-o-o-o-oh [x2]

**I'm never gonna look back
Whoa, I'm never gonna give it up
No, just don't wake me now***

C
Oo-o-o-o-o-oo
C F
This is gonna be the best day of my life
F
My li-i-i-ife
C
Oo-o-o-o-o-oo
C F
This is gonna be the best day of my life
F
My li-i-i-ife

C
I hear it calling outside my window
C
I feel it in my soul (soul)
C
The stars were burning so bright
C
The sun was out 'till midnight
C
I say we lose control (control)

C
Oo-o-o-o-o-0

C F
This is gonna be the best day of my life
F
My li-i-i-ife

C
Oo-o-o-o-o-0
C F
This is gonna be the best day of my life
F
My li-i-i-ife
C
This is gonna be, this is gonna be, this is gotta be
C F
The best day of my life
C
Everything is looking up, everybody up now
C F
This is gonna be the best day of my life
F
My li-i-i-ife

***Þegar textinn er feitletraður er þögn í undirleik.**

Fylgiskjal 2 – Danslýsing

Tígladansinn:

Nemendum er skipt í fjögurra til fimm manna hópa. Dansinn er hermidans. Nemendur stilla sér upp í tígul. Einn er fremstur, tveir fyrir aftan hann (hlið við hlið) og svo er einn aftastur (beint fyrir aftan fremsta dansarann). Þá myndar hópurinn tígul. Ef það eru fleiri í hópnum, til dæmis fimm er einn fremstur, 3 í miðjunni og 1 aftastur eða 1 fremstur 2 í miðjunni og 2 aftast (svo þeir myndi þríhyrning). Það skiptir ekki endilega máli hvernig uppsetningin er, bara á meðan einn er augljóslega stjórnandi og allir hinir sjá hvað hann er að gera. Sá sem er fremstur ræður ferðinni og hreyfir sig á einhvern hátt og hinir fyrir aftan hann gera eins. Þegar stjórnandinn hefur fengið nóg snýr hann sér til hægri og þá verður einhver annar stjórnandi og svo koll af kolli.